

Matvælastofnun  
Jón Gíslason forstjóri  
Austurvegi 64  
800 Selfossi

Reykjavík, 27. apríl 2020.

### **Efni: Hækkun eftirlitskostnaðar vegna varnarefnaleifa í matvælum**

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til tölvupósts MAST, sem barst miðvikudaginn 22. apríl síðastliðinn ýmsum félagsmönnum sem starfa við innflutning og framleiðslu matvæla. Þar er boðuð hækkun á opinberum eftirlitskostnaði, nánar tiltekið við töku sýna vegna varnarefnaleifa í matvælum.

Í tölvupóstinum, sem Ingibjörg Jónsdóttir fagsviðsstjóri sendi, segir: „Einnig er rétt að vekja athygli á því að rannsóknastofan hefur hækkað verð á greiningum og einnig hefur hún fellt niður afslátt sem eftirlitsaðilar höfðu, og eftirlitsþegar höfðu notið góðs af. Reikningar vegna kostnaðar við greiningu hvers sýnis munu því óhjákvæmilega hækka.“ Hér mun átt við rannsóknarstofu opinbera hlutafélagsins Matís.

Það vekur mikla furðu Félags atvinnurekenda að við núverandi aðstæður í íslenzku atvinnulífi, þar sem fyrirtæki berjast fyrir lífi sínu vegna afleiðinga heimsfaraldurs COVID-19, skuli boðuð hækkun opinberra eftirlitsgjalda. Stjórnvöld hafa undanfarnar vikur fremur leitazt við að draga úr kostnaði fyrirtækja. Hér er um að ræða aukinn kostnað fyrir innflytjendur og framleiðendur matvæla, sem mun óhjákvæmilega leiða til hækkana á verði matvöru, til viðbótar við verðhækkanir vegna gengisbreytinga.

Félagið vekur ennfremur athygli á því að kostnaður við greiningu hvers sýnis hefur hækkað mikið undanfarin ár, eða úr 81.760 krónum árið 2016 í 105.578 krónur fyrr á þessu ári, eða um 29,1%. Er þá gjaldtaka vegna sýnatökunnar sjálfra ótalinn. Í sumum tilvikum eru teknir tugir sýna hjá sama fyrirtækinu, sem þýðir að kostnaður hvers fyrirtækis getur hlaupið á milljónum króna. FA andmælir eindregið enn frekari hækkun á þessum gjöldum.

Félagið minnir á að samkvæmt lögum og dómafordæmum gildir um gjöld vegna eftirlits hins opinbera að þau séu lögð á samkvæmt heimild í lögum, að þau endurspegli kostnað við eftirlitið og þá eingöngu þann kostnað sem af viðkomandi eftirlitsaðgerð hlýst, að stjórnvaldið geti með traustum gögnum og útreikningum sýnt fram á þann kostnað, sem að baki gjaldinu liggur og að gjaldskrá vegna gjaldtökunnar sé birt opinberlega þannig að eftirlitsþeginn geti áttað sig á kostnaðinum áður en eftirlit á sér stað.

Í ljósi ofangreinds er að mati FA algjörlega óviðunandi að stjórnvald sendi eftirlitsþega tilkynningu um að reikningar muni „óhjákvæmilega hækka“ án þess að vísað sé í opinberlega birta gjaldskrá og kostnaðarútreikninga að baki henni. Í ljósi ofangreinds óskar FA eftir að fá senda hina nýju, opinberu gjaldskrá vegna töku sýna vegna varnarefna í matvælum, bæði fyrir sýnatöku- og rannsóknarkostnað, ásamt ýtarlegum rökstuðningi.

Athygli vekur að í skeyti MAST kemur fram að Matís ohf. hafi bæði hækkað verð á greiningum og fellt niður afslátt eftirlitsaðila. FA óskar eftir að fá hvaða ákvæði það eru í þjónustusamningi MAST og Matís sem heimila Matís að hækka einhliða verð og fella niður afslátt. Þá er gengið út frá því að slíkur samningur liggi fyrir, sem ætla má með vísan til 23. gr. laga nr. 93/1995, um að opinberum eftirlitsaðilum sé heimilt að fela faggiltum aðilum að annast tiltekin verkefni við framkvæmd opinbers eftirlits og skuli gerður sérstakur samningur þar um.

Félag atvinnurekenda fer að síðustu fram á að Matvælastofnun leiti allra leiða til að lækka umræddan kostnað. Það mætti annars vegar gera með endurskipulagningu eftirlitsins. Einn starfsmaður heilbrigðiseftirlits gæti til dæmis komið í sýnatökuheimsóknir í stað tveggja. Sömuleiðis mætti horfa til þess að í flestum tilvikum innflutts grænmetis og kornvöru er um að ræða vöru sem flutt er inn frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem sambærilegar sýnatökur og rannsóknir hafa þegar farið fram á viðkomandi vörum hjá birgjum innflytjenda, samkvæmt sama regluverki og gildir á Íslandi. Önnur leið til að lækka þennan kostnað væri að bjóða sýnatökur út á Evrópska efnahagssvæðinu, en FA hefur upplýsingar um að rannsóknarkostnaður hjá rannsóknastofum í nágrannalöndunum sé mun lægri en hjá Matís.

Matvælafyrirtæki geta alltént ekki sætt sig við einhliða hækkunir opinbers eftirlitskostnaðar á þessum erfiðu tímum.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
Framkvæmdastjóri FA

Afrit: Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra